

Sannist þær misfellur á starfi lýsismatsmanns, er telja verður að stafi af 14
vítaverðu gáleysi eða vanrækslu ber hann ábyrgð á tjóni, er af því kann að 19. jan.
leiða.

9. gr.

Nú vanrækir lýsismatsmaður starf sitt, eða leysir það illa af hendi að dómi
yfirlýsismatsmanns, og skal yfirlýsismatsmanni þá heimilt að vika honum frá
um stundarsakir, en tilkynna skal hann hlutaðeigandi lögreglustjóra sam-
stundis þessa ráðstöfun, sem þá vikur hinum brotlega lýsismatsmanni endan-
lega frá, eftir rannsókn á máli hans, og skipar annan í hans stað.

10. gr.

Með mál út af brotum á reglum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.
Um refsingar fyrir brot lýsismatsmanna gegn ákvæðum ofanefndra laga,
nr. 42 frá 1933 og reglna þessara, fer sem um brot opinberra starfsmanna
almennt.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem
hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. janúar 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

15

19. jan.

um viðauka við reglugerð um eftirlit með verksmiðjum og vélum,

16. febrúar 1929.

1. gr.

Aftan við 5. gr. bætist ný málsg., er orðist svo:

Eimkatlar með vinnuþrýsting yfir 8 kg./cm.² og aðrir katlar þar sem
framkvæmi af hitafleti í ferm. og þrýstingi í kg/cm.² er yfir 30, mega ekki
standa í, undir eða yfir stofum, þar sem aðrir en gæzlumenn ketilsins hafast
við að staðaldri.

Tveir eða fleiri katlar sem samtímis eru í notkun, teljast sem einn ketill.

2. gr.

Aftan við 45. gr. bætist 2 nýjar málsgreinar, er orðist svo:

Skoðun samkvæmt 46. gr. telst aðalskoðun. Þegar nýrri vél er bætt við í
eldri verksmiðju eða verkstæði skal fara fram aðalskoðun á henni, sérstaklega
með tilliti til öryggisumbúnaðar.

15 Aðalskoðun á verksmiðjum, verkstæðum og vinnustöðum skal venjulega
19. jan. fara fram fjórða hvert ár. Þó skal aðalskoðun á fólkslyftum venjulega fara fram árlega.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 24, 7. maí 1928 til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. júní 1934.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

16
27. jan.

REGLUR

fyrir styrkveitingu, er geri blindum mönnum hægara fyrir um afnot útvarps.

1. gr.

Samkvæmt ályktun Alþingis 7. desember 1933 hefir ríkisstjórnin ákveðið að Blindravinafélagi Íslands skuli greiddar á árinu 1933 1500 kr. til þess að gera fátækum blindum mönnum hægara fyrir að hagnýta sér útvarp. Skal upphæð þessi lögð í sérstakan sjóð, er nefnist „Útvarpsnotasjóður blindra“. Sjóði þessum skal verja til greiðslu afnotagjalds útvarps fyrir fátæka blinda menn, sem hafa sérstakt heimili, en því næst á hvern þann annan hátt, er gerir fátækum blindum mönnum, sem örðugast eiga aðstöðu, hægara fyrir um að hagnýta sér útvarp.

2. gr.

Viðtækjaverzlun Íslands lætur blindravinafélaginu í té 10 viðtæki til afnota handa blindum mönnum.

Lán til blindra manna á viðtækjum þessum skulu bundin þeim skilyrðum, að hvorki umsækjandi né aðstandendur hans séu svo efnum búnir, að þeim sé kleift að eignast útvarpsviðtæki eða fá aðgang að útvarpi. Skulu þeir ávallt sitja fyrir, sem hafa sérstakt heimili og örðugasta eiga aðstöðu.

3. gr.

Umsóknir skulu sendar Blindravinafélagi Íslands, og fylgi þeim vottorð sóknarprests og hreppsnefndaroddvita eða fátækrafulltrúa um efnahags-ástaður og heimilishætti hinna blindu manna, einnig skattframtal húsráðanda.

Stjórn blindravinafélagsins ákveður síðan hverjir af umsækjendunum skuli hljóta styrk úr sjóðnum og ennfremur hverjum skuli lána útvarpsviðtæki.